

# Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

## Úthlutunarreglur um styrki

Í samræmi við 5. gr. skipulagsskrár Styrktarsjóðs Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands tekur stjórn sjóðsins ákvarðanir um ráðstöfun fjár úr sjóðnum samkvæmt starfsreglum sem stjórnin setur. Í reglunum skal kveðið á um að sjóðsstjórn veiti styrki á grundvelli umsókna og einnig um umsóknafresti, auglýsingar styrkja og önnur frekari skilyrði fyrir styrkveitingum er sjóðsstjórn telur nauðsynleg. Í starfsreglum skal einnig koma fram hversu háu hlutfalli af ávöxtun sjóðsins er heimilt að ráðstafa árlega. Þá skal stjórnin vera virk í því að byggja upp samskipti við styrktaraðila sem vilja leggja starfsemi sinni lið. Sjóðsstjórn skal eftir því sem kostur er, taka tillit til óska gefenda um ráðstöfun einstakra gjafa<sup>1</sup>. Nánar skal kveðið á um þetta í starfsreglum sjóðsins.

Í skipulagsskrá kemur fram í 2. gr. að tilgangur sjóðsins sé að renna styrkum stoðum undir starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og stuðla að vexti hennar og viðgangi.

Forgangsrétt til framlaga úr sjóðnum hafa að öðru jöfnu félagar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og þeir sem vinna að rannsóknum eða öðru uppbyggingarstarfi á vegum stofnunarinnar þ.m.t. framhaldsnemar við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Tilgangi sínum nái sjóðurinn með því að veita styrki, fjárframlög og annan stuðning við verkefni á vegum stofnunarinnar, sem eru m.a.:

- rannsóknir á erlendum tungumálum: kennslufræði erlendra mála, máltaka, táknafræði, þýðingafraeði, málfræði, málvísindi, menningarfræði, bókmenntir og notagildi tungumála í atvinnulífinu,
- útgáfa ritverka á fræðasviðum SVF, ráðstefnu- og fyrirlestrahald,
- þróun kennslugagna í erlendum tungumálum,
- samvinna við erlendar stofnanir á fræðasviðum SVF,
- önnur verkefni sem tengjast starfsemi SVF að mati sjóðsstjórnar.

Skv. 3. grein skipulagsskrárinnar er óskerðanlegt stofnframlag sjóðsins 600.000,-.

Á fundi sjóðsstjórnar hinn 2. júní 2010 var ákveðið að stofnframlag sjóðsins skuli vera verðbundið frá ársbyrjun 2010 og að tekið verði mið af óverðbættum stofnfjárframlögum, sem alls nema kr. 15.038.050. Litið er á þessa upphæð sem stofnfé.

### 1. Ákvörðun um úthlutun og styrkfjárhæð

1.1 Stjórn sjóðsins ákveður í hvert sinn um úthlutun styrkja á grundvelli síðasta endurskoðaðs rekstrar- og efnahagsreiknings Styrktarsjóðs Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Að jafnaði er úthlutað úr sjóðnum árlega.

---

<sup>1</sup> Hedorfs Fond og DFDS í Danmörku og lögðu hvort um sig 50 þúsund danskra króna til styrktarsjóðsins. Óskað er eftir því að styrkirnir gangi til dansk-íslenskra rannsókna. Í bréfi Hedorfs-Fond til Stofnunar Vigdísar er tekið fram að fyrirtækið „gerne støtter op om projektet „udvikling af sprogteknologiske redskaber med funktionsrettede tekster på dansk og islandsk til brug for erhvervslivet“.

- 1.2 Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um fjárhæð styrkja. Heimilt er að úthluta til styrkja allt að  $\frac{3}{4}$  af raunávöxtun sjóðsins auk þess lausafjár sem sjóðurinn á í formi óbundins höfuðsstóls en ekki er heimilt að skerða stofnfé. Fjórðungur raunávöxtunar leggst við verðbætt stofnframlag.

## 2. Heimild til úthlutunar með eða án auglýsingar

- 2.1 Stjórn úthlutar styrk á grundvelli auglýsingar samkvæmt ákvörðun stjórnar og skal það tryggt að auglýsingin nái til sem flestra hlutaðeigandi aðila.
- 2.2 Berist umsókn án auglýsingar kemur má kalla stjórn saman og fjalla um hana m.t.t. efnis, reglna og fjárhagsstöðu sjóðsins.

## 3. Ferli úthlutunar

- 3.1 Miða skal við að auglýsing sé birt 8 vikum fyrir úthlutun úr sjóðnum. Umsóknarfrestur er 4 vikur.

- 3.2 Í auglýsingu skulu alltaf koma fram eftirtalin atriði

- a) Heiti og markmið sjóðsins
- b) Heildarfjárhæð styrks til úthlutunar
- c) Hvenær áætlað er að úthlutun fari fram
- d) Hvar tekið er á móti umsóknum
- e) Umsóknarfrestur
- f) Óskað er eftir að í umsókn komi fram:
  - i. Nafn umsækjanda, kennitala, heimilisfang, sími og virkt netfang.
  - ii. Heiti verkefnis og stutt hnitmiðuð lýsing á verkefninu, sem nýta má til almennrar umfjöllunar og kynningar, hljóti verkefnið styrk.
  - iii. Nánari lýsing á verkefni, þar sem m.a. komi fram hvernig það muni nýtast stofnuninni, að jafnaði þó ekki lengri en ein blaðsíða.
  - iv. Tímaáætlun og fjárhagsáætlun verkefnis.
  - v. Upplýsingar um annan fjárhagslegan stuðning við verkefnið.
  - vi. Helstu atriði úr náms- og starfsferli umsækjanda.

- 3.3 Stjórn fær í hendur yfirlit yfir umsóknir frá verkefnisstjóra Styrktarsjóða Háskóla Íslands og tekur ákvörðun á grundvelli framlagðra upplýsinga.

- 3.4 Við mat á umsóknum skulu þau verkefni hafa forgang sem hafa sérstakt gildi fyrir fræðasvið Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og stuðla að almennri rannsóknavirkni félaga. Tekið skal mið af vísindalegu gildi verkefnis og rannsóknavirkni umsækjenda. Helstu tegundir verkefna eru sem hér segir:

*Styrkir til útgáfu fræðirita:*

- útgáfa ársrits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur
- útgáfa fræðirita í ritröðum stofnunarinnar
- útgáfa doktorsverkefna á fræðasviðum stofnunarinnar

Umsóknir um styrki til útgáfu fræðirita skulu að jafnaði metnar af sérfróðum matsmönnum. Við val þeirra skal hafa samráð við ritstjórn ritraða SVF

*Styrkir til rannsóknaverkefna:*

- styrkir til einstakra rannsókna- eða þróunarverkefni á vegum stofnunarinnar í heild, rannsóknahópa eða einstakra fræðimanna stofnunarinnar
- styrkir til forkannana, sem líklegir eru til að leiða til stærri rannsóknaverkefna eða styrkir til að ljúka rannsóknaverkefnum á lokastigi þeirra
- styrkir sem geta komið sem mótfamlög vegna styrkja úr öðrum samkeppnissjóðum

*Styrkir til vísindasamstarfs:*

- ráðstefnur og málstofur og önnur samstarfsverkefni sem efla samstarf við fræðasamfélög innan lands og utan
- heimsóknir viðurkenndra alþjóðlegra vísindamanna

3.5 Stjórn leitar til sérfræðinga um mat á einstökum umsóknum.

3.6 Stjórn getur óskað eftir ítarupplýsingum með umsókn.

3.7 Ákvörðun um styrkúthlutun skal tekin á stjórnarfundi.

3.8 Þegar stjórn hefur tekið ákvörðun um hver skuli hljóta styrk er umsækjanda tilkynnt um niðurstöðu og styrkfjárhæð millifærð á reikning viðkomandi.

3.9 Úthlutun styrkja skal fara fram við opinbera athöfn. Greint skal frá henni opinberlega og í Árbók Háskóla Íslands. Athöfn þessi verði í samráði við eða í umsjón Styrktarsjóða Háskólans.

#### **4. Verkefnalok**

4.1 Styrkþegi sendir stjórn sjóðsins greinargerð um nýtingu styrksins við verklok.

4.2 Stjórn er heimilt að setja nánari tímamörk varðandi skil á greinargerð.

4.3 Berist greinargerð ekki innan tilskilins tíma getur stjórn sjóðsins krafið styrkþega um endurgreiðslu styrks að hluta eða öllu leyti.

Þessar úthlutunarreglur skal endurskoða eigi síðar en einu ári eftir dagsetningu undirritunar.

Samþykkt af stjórn Styrktarsjóðs Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Reykjavík 17. desember 2010

---

Vigdís Finnbogadóttir, formaður stjórnar

---

Vésteinn Ólason

---

Ásmundur Stefánsson

---

Guðrún Lárusdóttir

---

Hrönn Greipsdóttir

---

Ragnheiður Jónsdóttir

---

Salvör Jónsdóttir

---

Sigurður Helgason

---

Þórður Sverrisson